



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### ***Umsögn skóla- og frístundasviðs um drög að stafrænni stefnu Reykjavíkurborgar***

Með tölvubréfi, dags. 8. nóvember 2023, óskaði þjónustu- og nýsköpunarsvið eftir umsögn skóla- og frístundasviðs um drög að stafrænni stefnu Reykjavíkurborgar.

Skóla- og frístundasvið þakkar fyrir yfirgripsmikla vinnu stýrihóps. Stefnan tekur til allrar starfsemi þjónustu- og nýsköpunarsviðs og verkefna þess. Ánægjulegt er að sjá að stefnan er byggð á öðrum stefnum borgarinnar, svo sem þjónustustefnu, lýðræðisstefnu, mannréttindastefnu og mannauðsstefnu. Jákvætt er að í greinargerð með stefnunni er tiltekið að hana er hægt að útfæra nánar í undirstefnur, svo sem stefnu um hagnýtingu upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi.

Stýrihópurinn skilar vel ígrunduðum drögum en skóla- og frístundasvið vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

#### **Ábending 1**

Setja mætti í stefnuna upplýsingar um gildistíma hennar.

#### **Ábending 2**

*Framtíðarsýn*

*Fjölbreytt atvinnulíf*

Lagt er til að við setninguna „Reykjavíkurborg er einn vinnustaður í öllum sínum fjölbreytileika og starfsemi á að einkennast af fagmennsku og framsækni“ bætist „og stafrænni hæfni.“

#### **Ábending 3**

*Meginmarkmið*

*Fyrir vinnustaðinn*

Lagt er til að við setninguna „Að vinnuumhverfi fólks sé nútímalegt og hvetji til framþróunar, sveigjanleika og skilvirkara skipulags“ bætist „og stafrænnar hæfni.“

Í kaflann um meginmarkmið mætti einnig bæta inn texta um að lögð sé áhersla á fræðslu og þjálfun sem byggir upp stafræna hæfni.

#### **Ábending 4**

*Meginmarkmið*

*Fyrir starfsemina*

Lagt er til að setningin „Að upplýsingatækni verði hagað á öruggan, skilvirkan og hagkvæman hátt í gegnum trausta og örugga innviði sem mæta bæði kröfum almennings til grunnþjónustu stofnana og stuðla að auknum sveigjanleika opinberrar þjónustu.“ taki breytingum og hljóði svo eftir breytingu: „Að upplýsingatækni verði hagað á öruggan, skilvirkan og hagkvæman hátt í gegnum trausta og örugga innviði sem mæta kröfum almennings til grunnþjónustu stofnana,



stuðla að auknum sveigjanleika opinberrar þjónustu og mæta lagalegum skyldum borgarinnar.“

### **Ábending 5**

*Undirmarkmið*

*Gögn*

*Gögn borgarinnar eru opin, ósíuð og aðgengileg í gegnum vefþjónustur sé því viðkomið.*

*Gögn borgarinnar sem ekki eru í skýinu, eru vistuð í hátækni gagnaveri og öryggisafritun þeirra tryggð.*

Lagt er til að þegar vísað er til gagna borgarinnar sé talað um „Gögn sem borgin ber ábyrgð á“ í stað “Gögn borgarinnar” þar sem að í lagalegum skilningi er eignarhald gagnanna ekki alltaf borgarinnar.

### **Ábending 6**

*Undirmarkmið*

*Gögn*

*Gögn borgarinnar eru opin, ósíuð og aðgengileg í gegnum vefþjónustur sé því viðkomið. Yfirlit yfir gögn í kerfum borgarinnar eru aðgengileg.*

Lagt er til að í lok þessarar greinar sé settur fyrirvari varðandi birtingu gagna eftir eðli þeirra, s.s. vegna persónuverndar.

### **Ábending 7**

*Undirmarkmið*

*Gögn*

*Uppbygging, uppsetning, utanumhald og notkun gagna er samræmd þvert á borgina.*

Lagt er til að við setninguna “Uppbygging, uppsetning, utanumhald og notkun gagna er samræmd þvert á borgina” bætist „eftir því sem hægt er“. Þetta er mikilvægt vegna þess hve fjölbreyttir og ólíkir starfsstaðir borgarinnar geta verið og því ekki alltaf það sama sem hentar öllum.

### **Ábending 8**

*Undirmarkmið*

*Upplýsingar*

Kaflinn um upplýsingar er góður og mikilvæg sýn sem þar er sett fram. Miðlæg skrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur möguleika á að ná markmiðum stefnunnar en til þess að starfsstaðir skóla- og frístundasviðs geti uppfyllt stefnuna vantar ýmislegt upp á, s.s. að bjóða starfsfólki upp á viðeigandi tæknilausnir við vinnslu og varðveislu skjala og öfluga fræðslu til starfsmanna. Einnig þarf að bæta verulega aðgengi þjónustuþega að upplýsingum sem varða þá sjálfa. Taka þarf í notkun rafrænt skjalakerfi fyrir starfsstaði skóla- og frístundasviðs sem allra fyrst og tryggja öfluga innleiðingu kerfisins og nýrra vinnubragða til að mögulegt sé að uppfylla stafrænu stefnuna.